

MERKILEGAR SETNINGAR OG MERKILEG MYND

I

Fyrir getur komið, að auðvelt sé að segja hvað er merkilegasta setningin í bókmenntum heillar aldar. Þannig er t.d. það, sem merkilegast var ritað á 16. öld, þessi setning eftir Bruno: *Astra ultra Saturnum continue sensibilia, soles sunt.* Hinar óreikulu stjörnur eru sólar. Þar er sagt frá afaráriðandi uppgötvun. Að vísu héldu jafnvel mjög ágætir fornmennt, að stjörnurnar kæmu oss lítið við, og langmestur hluti mannkynsins heldur þetta sama þann dag í dag. En þó er það hinn mesti misskilningur, eins og sýnt hefir verið fram á í þessari bók.

Önnur setning svo merkileg, að mér virðist mega telja hana merkilegustu setningu sinnar aldar er eftir Plótín: *ekhei gar hekaston tón ontón energeian, he estin homoióma autou, hóste autou ontos kakeino einai kai menontos fpanein eis to porró, to men epí pleon, to de eis elatton* (Enn. IV, v, 7): Sérhver hlutur hefir í sér starfandi afl, sem er hans eftirmynd, svo að þegar hluturinn er, þá er einnig aflið, og þó að hluturinn sé kyrr í sama stað, þá geisist aflið út frá honum, sumt lengra og sumt skemmra.

Þessi stórmerkilega setning um geislanina frá öllum hlutum, mun eiga upptök sín í kenningum Demokrits um að allir hlutir sendi frá sér það sem hann kallaði eidóla, eftirmyndir eða svipi af sér. Rómverski spekingurinn Lucretius býðir orðið eidólon með simulacrum.

II

Prófessor Haraldur Níelsson sýndi mér um daginn mynd, þar sem má sjá fróðlega þessa geislan og svipmyndun, sem

fornir spekingar höfðu svo merkilega og misskilda vitneskju um. H.N. er ljósmyndaður sitjandi, og breitt geislaband leggur upp frá hægri mjöðm. Á geislabandinu verður bugur, — að því er virðist, myndin er ekki nógu stór til að sýna hann alveg — og í bugnum er svipur, kvenmannsandlit.

Þessi merkilega mynd færir ekki nokkra sönnun fyrir tilveru andaheims eða yfirnáttúrlegra hluta, en hún bendir mjög fagurlega til þess, hversu rétt er það sem sagt er hér áður (Stjörnulíffr. XIV-XVI). Geislabandið, sem sést svo vel á myndinni, virðist stafa af mjaðmarkambinum (crista ossis illii), en þar að liggja sterkir vöðvar, en mænu og taugum þannig háttað, að þarna má búast við sérstaklega sterkum lífmagnsstraumum. Og þar sem nú lífmagnið hagar sér líkt og rafmagn, má við því búast, að geislar geti staðið af mjaðmarkambinum. Þetta kemur líka ágætlega heim við rannsóknir Kilners, því að hann hefir einmitt athugað slíka geislan. Og tiltakanlega fallegt er það nú, vísindalega talað, að sjá hvernig svipurinn kemur þarna fram í geislabandinu, þ. e. a. s. þar sem geislunin frá líkamanum er sterkust. Kilner hefir sagt, að þegar geislan blandast geislan, þá verður hún sterkari. Og svipurinn þarna á myndinni, virðist stafa af því, hversu mjög geislan frá öðrum líkama, styrkist við að mæta og blandast geislaninni frá hinum ljósmyndaða líkama.